



ÖRYGGISBLAÐ (msds)

skv. reglug (EB) nr. 453/2010 og 1272/2008

Útgáfa: 1

Dagsetning: 26. apríl 2016

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **MJÓLKURSÝRA (lactic acid)**

CAS-númer 50-21-5 / 79-33-4

1.2. Tilgreind notkun Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar. Námuvinnsla (á hafi úti og á landi). Framleiðsla, vinnsla og dreifing á efnum og efnablöndum. Framleiðsla á pappírskvoðu, pappír og pappírsvörum. Framleiðsla á efnum í búlkum (þ.m.t. olíuvörum). Framleiðsla á sérunnum íðefnum. Framleiðsla á plastvörum, þ.m.t. við blöndun og umbreytingu. Byggingariðnaður. Heilbrigðisþjónusta. Hreinsiefni (þ.m.t. leysiefni). Samsetning blandna. Framleiðsla á matvörum.

1.3. Söluaðili Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
444 3000

Sími:

Tengiliður: msds@skeljungur.is

Veffang: www.skeljungur.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Flokkun Húðert. 2; H315
Augnsk. 1; H318

2.2. Merkingaratriði

2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættumerki



Viðvörðunarorð
Hættusetningar

Hætta
H315 – Veldur húðertingu.
H318 – Veldur alvarlegum augnskaða.

Varnaðarsetningar

P280 – Notið augnhlífir/andlitshlífir.
P305+P351+P338+310 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Hringið strax í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.

2.3. Aðrar hættur

PBT/vPvB-mat Efnið er hvorki flokkað með PBT- né vPvB-efnum.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Heiti	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun 1272/2008/EB
Mjólkursýra	CAS#: 50-21-5 / 79-33-4 EINECS#: 231-765-0 REACH#: 01-2119548400-0001 / 01-2119474164-39-0001	> 50	Húðerting 2; H315 Augnskaði 1; H318

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax vandlega í a.m.k. 15 mínútur, einnig undir augnlokum með því að halda þeim frá augunum. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt.
Eftir snertingu við húð	Farið úr fötum og skóm sem hafa óhreinkast af efninu. Skolið strax með miklu vatni. Leitið lækni ef roða eða ertingar verður vart.
Eftir inntöku	Skolið munn með vatni. EKKI framkalla uppköst. Leitið lækni.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni/áhrif	Bruni, höfuðverkur, kvíðverkir, ógleði, uppköst.
----------------	--

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun	Meðhöndlið einkenni.
------------	----------------------

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Slökkviduft, koltvísýringur, froða, vatnsúði.
------------	---

5.2. Sérstök hættu af efninu eða blöndunni

Sérstök hættu	Eitraðar gufur sem geta myndast við bruna: Kolefnisoxíð.
---------------	--

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður	Ekki gera neitt án viðeigandi hlífðarbúnaðar. Notið ferskloftstæki og hlífðarfatnað sem ver allan líkamann.
Sérstakar aðgerðir	Kælið ílát með vatnsúða. Heftið útbreiðslu mengaðs slökkvívökva með fyrirhleðslu.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir	Varist snertingu við húð og augu. Andið ekki að ykkur gufu.
Meiriháttar leki	Aðeins hæft starfsfólk sem búið er viðeigandi hlífðarbúnaði má grípa til aðgerða.

6.1.2. Fyrir bráðaliða

Hlíðarbúnaður	Ekki gera neitt án viðeigandi hlífðarbúnaðar. Sjá 8. lið fyrir frekari upplýsingar um váhrifavarnir og persónuhlífar.
---------------	--

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir	Heftið útbreiðslu leka með fyrirhleðslu. Ekki losa efnið í niðurföll eða ár.
--------------------	--

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir við hreinsun	Safnið leka með ídrægu efni, s.s. sandi, vermikúlíti, kísilgúr, möluðum kalksteini. Skolið efnaleifum niður með miklu vatni.
Frekari upplýsingar	Fargið sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi lög og reglur.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir	Sjá 13. lið fyrir upplýsingar um förgun.
-------------	--

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Meðhöndlun	Tryggið að loftskipti séu næg og/eða útsog í vinnurýmum. Varist snertingu við húð og augu. Andið ekki að ykkur gufu eða úða.
Hreinlæti	Reykið ekki, matist eða drekkið þar sem efnið er meðhöndlað. Þvoið hendur eftir meðhöndlun efnisins.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla	Geymið í tryggilega luktum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Lokið opnuðum ílátum tryggilega og geymið í uppréttri stöðu til að hindra leka.
Ósamrýmanleg efni	Sterk oxunarefni. Sýrur.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL	Starfsmaður, skammtíma áhrif; innöndun: 592 mg/m ³ Neytandi, inntaka: 35,4 mg/kg af líkamsþyngd á dag Neytandi, innöndun: 296 mg/m ³
PNEC	Ferskvatn: 1,3 mg/l Skólphreinsistöð: 10 mg/l

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið góða loftræstingu/útsog í vinnurýminu.

Persónuhlífar

Til hlífðar öndun

Öndunarhlífa er ekki þörf við næga loftræstingu.

Við úðamyndun: Öndunargríma með ABEK-síu (EN14387).

Til hlífðar höndum

Notið viðeigandi hanska.

Efni í hönskum: Nítrílgúmmí. **Gegnþrengingartími:** 480 mín (EN374)

Til hlífðar augum/andl.

Þétt hlífðargleraugu. Andlitshlíf (EN166).

Til hlífðar húð

Efnapolinn hlífðarfatnaður.

Til verndar umhverfi

Ekki losa í niðurföll.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand við 20°C	Vökvi
Litur	Litarlaust
Lykt	Lyktarlaust
Lyktarþröskuldur	Engin gögn
pH-gildi	< 2 (25°C)
Bræðslumark	53°C
Storknunarmark	Ekki krafist
Suðumark	110-130°C
Blossamark	Á ekki við
Uppgufunarhraði	Engin gögn
Eldfimi (fast efni, lofttegund)	Ekki eldfimt
Sprengimörk	Engin gögn
Gufuþrýstingur	Óverulegur
Eðlisþyngd gufu (20°C)	Engin gögn
Eðlisþyngd	1,04-1.25
Vatnsleysni	Leysanlegt
Deilistuðull n-oktanól/vatn	log Pow -0,72 (20°C)
Sjálfsíkveikjuhitastig	400°C
Niðurbrotshitastig	> 200°C
Eðlisseigja	Á ekki við
Skriðseigja	5-60 mPa.s
Sprengifimi	Á ekki við
Oxunareiginleikar	Á ekki við

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin þekkt hætta.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjulegt hitastig og notkunarskilyrði.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Getur hvarfast heiftarlega við sterk oxunarefni.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Skilyrði Hár hiti.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Sterk oxunarefni, sterkar sýrur.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Myndefni við bruna eða niðurbrot vegna hita: Kolefnisoxíð.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturrif

Mjólkursýra

LD50	Rotta, inntaka	3453 mg/kg (EPA OPP 81-1)
LD50	Kanína, húð	>2000 mg/kg (EPA OPP 81-2)
LC50	Rotta, innöndun 4 klst	>7,94 mg/l (OECD 403)
ATE	Inntaka	3543 mg/kg

Húðæting/-erting

Veldur húðertingu (OECD 404).

Alvarlegur augnskaði/-erting

Veldur alvarlegum augnskaða.

Næming

Ekki flokkað (EPA OPP 81-6).

Krabbameinsvaldandi áhrif

Ekki flokkað.

Stökkbreytandi hrif	Ekki flokkað (samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun og þeim gögnum sem liggja fyrir).
Eiturhrif á æxlun	Ekki flokkað (samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun og þeim gögnum sem liggja fyrir).
Sértæk eiturhrif á marklíffæri	
- váhrif í eitt skipti	Ekki flokkað (samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun og þeim gögnum sem liggja fyrir).
- endurtekin váhrif	Ekki flokkað (samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun og þeim gögnum sem liggja fyrir).
Eiturhrif við ásvelgingu	Ekki flokkað (samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun og þeim gögnum sem liggja fyrir).

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif Bráð eiturhrif Fiskur

LC50	Lepomis macrochirus, 96 klst	130 mg/l
------	------------------------------	----------

Halafær og hryggleysingjar

EC50	Daphnia magna, 48 klst	130 mg/l
------	------------------------	----------

Þörungar

EC50	Pseudokirchnerella subcapita, 72 klst	2800 mg/l
------	---------------------------------------	-----------

12.2. Þrávirgni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Safnast ekki upp.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Lítið ásog.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat Hvorki flokkað sem PBT- eða vPvB-efni.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Aðferðir Fargið sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

Umbúðir Fargið á sama hátt og ónotuðu efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Efnið heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur flutninga á hættulegum efnunum.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat liggur fyrir.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar H315 – Veldur húðertingu.
H318 – Veldur alvarlegum augnskaða.

Skammstafanir **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.
IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.
PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.
PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.
REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.
vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.
ppm: Milljónarhluti.
LC50: Miðgildisbanastyrkur.
LD50: Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	26. apríl 2016.
Útgáfa	1
Gert þann	26. apríl 2016.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimildir	Sigma-Aldrich, eurtechserv@sial.com) Galactic Escanaffles, msds@lactic.com CSR (efnaöryggisskýrsla). IUCLID (samræmdi alþjóðlegi íðefnagagnagrunnurinn). HSDB (gagnabanki fyrir hættuleg efni).